

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um efni og efnablöndur og lögum um eiturefni og hættuleg efni, 333. mál.**

Miklar breytingar eru að verða á efnalöggjöf á evrópska efnahagssvæðinu og er þetta frumvarp hluti af þeirri vegferð. Með frumvarpinu er verið að tryggja lagastoð fyrir útgáfu reglugerða sem fjalla um flokkun, merkingu og umbúðir hættulegra efna. Í kjölfar lagasetningarinnar er von á að ítarlegum reglugerðum sem eru að mestu tæknilegs eðlis. Mikilvægt er að innleiðing á þessum leiðbeiningum og reglum gangi vel fyrir sig hér á landi svo íslenskt atvinnulíf og almenningur sé samferða nágrannalöndum okkar í að taka upp nýjar og breyttar reglur. Samræmdar reglur á þessu sviði einfalda flæði á vöru og þjónustu á milli landa á EES svæðinu.

Væntanlegar breytingarnar á merkingum á efnavöru munu snerta framleiðendur og innflytjendur, sem sjá um merkingar, en einnig vinnustaði og neytendur því merkingarnar birtast á efnunum sem notuð eru í framleiðslu sem og vörum í almennri dreifingu. Mikilvægt er að vel sé staðið að kynningu og líta má á þessar breytingar sem tækifæri til að vekja athygli á réttri meðferð og meðhöndlun hættulegra efna.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni. Umsagnaraðilar telja að ástæða sé til að endurskoða lögin í heild sinni. Nokkrar greinar laganna fjalla um efni sem nú er tekið á í sérlögum og hætta er á mistúlkunum og árekstrum. Umsagnaraðilar eru reiðubúnir að tilnefna fulltrúa sína til að taka þátt í undirbúningi að heildarendurskoðun laganna um eiturefni og hættuleg efni.

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson,  
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir,  
Samtök iðnaðarins